

**Ed.**

**324. Nefndarálit**

[159. mál]

um frv. til l. um Olúsjóð fiskiskipa, olúgjald o. fl.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Enn einu sinni mælir hæstvirtur sjávarútvegsráðherra fyrir lögum um olúgjald án þess að standa við margítrekuð loforð sín um endurskoðun þess eða afnám í núverandi mynd. Sitt er hvað loforð og efndir hjá hæstvirtum ráðherra, en vilji er allt sem þarf.

Nú fylgir böggull skammrifi, því vakinn er upp sá draugur sem allir sanngjarnir menn héldu að kveðinn hefði verið niður fyrir fullt og allt fyrir 6 árum, þ. e. sjóða- og millifærslukerfi sjávarútvegsins, sem drepur niður heilbrigðan rekstur, metnað og sjálfsbjargarvitund. Stofnun olúsjóðs til niðurgreiðslu á olú til fiskiskipa teljum við óheillaspor sem ekki eigi að stíga.

Miklu væri það heilbrigðara og heilladrýgra, að fiskkaupendur greiddu seljendum kostnaðarhlutdeild í veiðunum.

Sú breyting, sem gerð var á 2. gr. frumvarpsins í neðri deild, teljum við að geri illt verra og að hún skapi óviðunandi misræmi í gjöldum á útflutningi af fullunnum fiskafurðum og ferskfiski sem seldur er á erlendum markaði.

Við flytjum breytingartillögu á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. febr. 1983.

Guðm. Karlsson,  
frsm.

Egill Jónsson.